

Sýslumaðururinn Vestmannaeyjum

06 449

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Sýslumaðururinn Vestmannaeyjum
kt. 490169-7339
heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjum

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Vestmannaeyja er ríkisaðili í A-hluta. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Embætti sýslumanna heyrir undir ráðherra, nú dómsmálaráðherra, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 15/2017 um skiptingu sjónarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði nr. 4/2017 um skiptingu stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti. Sérstök verkefni Sýslumannsins í Vestmannaeyjum eru Löggilding skjalabýðenda og dómtúlka samkvæmt reglugerð nr. 1122/2006 um löggildingu dómtúlka og skjalabýðenda.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið og málaflokk samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 114,5 milljónir og afkoma kr. 1,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 8,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 24,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumannsins í Vestmannaeyjum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumannsins í Vestmannaeyjum fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Arndís Soffía Sigurðardóttir
Sýslumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	95.000.000	91.500.000
Seld þjónusta	3	698.565	539.786
Framlög og ýmsar tekjur	4	17.633.898	11.176.976
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	1.188.548	942.214
Tekjur samtals		114.521.011	104.158.976
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	93.960.807	72.697.428
Annar rekstrarkostnaður	6	17.876.846	17.019.430
Afskriftir	7	1.188.548	942.214
Gjöld samtals		113.026.201	90.659.072
Afkoma fyrir fjármagnsliði		1.494.810	13.499.904
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.935)	(4)
		(1.935)	(4)
Afkoma ársins		1.492.875	13.499.900

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		3.313.852	3.675.027
		<u>3.313.852</u>	<u>3.675.027</u>
Fastafjármunir samtals		<u>3.313.852</u>	<u>3.675.027</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	19.858.690	10.580.976
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	815.784	7.033.931
Handbært fé		831.694	851.706
		<u>21.506.168</u>	<u>18.466.613</u>
Veltufjármunir samtals		<u>21.506.168</u>	<u>18.466.613</u>
Eignir samtals		<u>24.820.020</u>	<u>22.141.640</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	11	8.390.312	6.897.437
		<u>8.390.312</u>	<u>6.897.437</u>
Eigið fé samtals		<u>8.390.312</u>	<u>6.897.437</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	794.367	4.330.605
Viðskiptaskuldir		1.037.255	1.266.761
Ýmsar skammtímaskuldir	12	11.587.762	8.947.965
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	3.010.324	698.872
		<u>16.429.708</u>	<u>15.244.203</u>
Skuldir samtals		<u>16.429.708</u>	<u>15.244.203</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>24.820.020</u>	<u>22.141.640</u>
Aðrar upplýsingar			
	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.492.875	13.499.900
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	1.188.548	942.214
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(1.188.548)	(942.214)
		<u>1.492.875</u>	<u>13.499.900</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		6.218.147	(5.250.681)
Tengdir aðilar		(10.141.325)	(11.939.540)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.410.291	3.911.378
		<u>(1.512.887)</u>	<u>(13.278.843)</u>
		<u>(20.012)</u>	<u>221.057</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(827.373)	(1.269.792)
		<u>(827.373)</u>	<u>(1.269.792)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	1.069.792
Fjárfestingarframlag		827.373	200.000
		<u>827.373</u>	<u>1.269.792</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(20.012)	221.057
		<u>851.706</u>	<u>630.649</u>
		<u>831.694</u>	<u>851.706</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	95.000.000	91.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	1.188.548	942.214
	<u>96.188.548</u>	<u>92.442.214</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	89.200.000	0	0	89.200.000
Fjáraukalög	(3.300.000)	0	0	(3.300.000)
Millifært úr varasjóð	700.000	0	0	700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	8.400.000	0	0	8.400.000
Fjárveiting til tekna	95.000.000	0	0	95.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(93.507.125)	0	0	(93.507.125)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	1.492.875	0	0	1.492.875

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Verksala	39.250	33.530
Ýmsar þjónustutekjur	659.315	506.256
	<u>698.565</u>	<u>539.786</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	1.219.626	1.076.976
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	10.391.450	10.100.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	6.022.822	0
	<u>17.633.898</u>	<u>11.176.976</u>

	2021	2020
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	73.570.076	56.238.163
Orlof, breyting	2.405.101	3.121.045
Launatengd gjöld	16.815.540	13.186.914
Starfsmannakostnaður	1.170.090	151.306
	<u>93.960.807</u>	<u>72.697.428</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	8,9	8,3

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	291.633	256.149
Ýmis tæki og áhöld	180.080	94.551
Varahlutir og viðhaldsvörur	5.206	0
Orkugjafar	416.993	373.675
Matvæli	1.155.253	823.464
Almennar rekstrarvörur	127.349	230.596
Vörukaup, almenn	2.176.514	1.778.435
Ýmsar sérgreindar vörur	105.000	82.000
Vörukaup, sérgreind	105.000	82.000
Fundir, námskeið, risna	393.059	964.089
Ferðir, uppihald	167.770	899.962
Akstur	298.608	151.490
Sérfræðiþjónusta	1.390.372	1.196.105
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	168.585	193.755
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	599.670	401.550
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	636.960	786.659
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	3.655.024	4.593.610
Afnotagjöld	777.000	613.391
Leigugjöld	6.506.628	5.970.146
Verkkaup	1.122.822	791.491
Kostnaðarhlutdeild	3.525.058	3.190.357
Tilfærslur	8.800	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	11.940.308	10.565.385
Annar rekstrarkostnaður samtals	17.876.846	17.019.430
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	1.188.548	942.214
	1.188.548	942.214

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	3.313.852	3.675.027
	<u>3.313.852</u>	<u>3.675.027</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2021	7.979.350	7.979.350
Viðbætur á árinu	827.373	827.373
	<u>8.806.723</u>	<u>8.806.723</u>
Afskriftir 01.01.2021	4.304.323	4.304.323
Afskrift ársins	1.188.548	1.188.548
	<u>5.492.871</u>	<u>5.492.871</u>
Staða 31.12.2021	<u>3.313.852</u>	<u>3.313.852</u>

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	10.513.755	9.906.163
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	9.344.935	674.813
	<u>19.858.690</u>	<u>10.580.976</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	794.367	4.330.605
	<u>794.367</u>	<u>4.330.605</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	348.109	6.615.540
Skattar	467.675	418.391
	<u>815.784</u>	<u>7.033.931</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	6.897.437	(6.602.463)
Afkoma ársins	1.492.875	13.499.900
Jöfnuður 31.12.	<u>8.390.312</u>	<u>6.897.437</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	11.272.143	8.867.042
Önnur ógreidd gjöld	315.619	80.923
	<u>11.587.762</u>	<u>8.947.965</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	3.313.852	3.675.027
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(303.528)	(2.976.155)
	<u>3.010.324</u>	<u>698.872</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	3.675.027	(2.976.155)	698.872
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	3.500.000	3.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	827.373	(827.373)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(1.188.548)	0	(1.188.548)
	<u>3.313.852</u>	<u>(303.528)</u>	<u>3.010.324</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,9 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samninga um húsnæði og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 6,5 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 5,7 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.